



Stjórnarráð Íslands  
Félags- og vinnu-  
markaðsráðuneytið



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Í SUÐURNESJUM



# Stöðuskýsla



**VELFERÐARNET  
SUÐURNESJA**

Október 2024



## Inngangur

Velferðarnet Suðurnesja er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á Suðurnesjum og fjögurra ríkisstofnana sem eru í beinni þjónustu við íbúa á Suðurnesjum, þ.e. Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, Lögreglustjórans á Suðurnesjum, Sýslumannsins á Suðurnesjum og Vinnumálastofnunar. Með Velferðarnetinu er unnið að heildrænni velferðarþjónustu á Suðurnesjum þar sem opinberar þjónustustofnanir ganga í takt.

Meginmarkmið Velferðarnetsins er að styrkja og auka nýsköpun á grundvelli sjálfbærni í þjónustu við íbúa á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála hjá opinberum stofnunum á Suðurnesjum. Þannig er unnið að því að auka ávinning íbúa af því að nýta sér opinbera þjónustu, auðvelda aðgengi að þjónustu og upplýsingum.

Velferðarnetið er jafnframt tengslanet allra þessara opinberu aðila sem telja um 2.500 manns, net sem má einnig líta á sem heildstæða og samræmda þjónustukeðju þessara aðila. Með tengslanetinu gefst okkur tækifæri til að byggja upp kunnáttu og þekkingu starfsfólksins, ýta undir þekkingu íbúa á þjónustu og upplýsingagjöf.

Velferðarnet Suðurnesja er leitt af Reykjanesbæ í nánu samstarfi við Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. Velferðarnetið hefur einn starfsmann sem heldur saman starfshópi sem samanstendur af fulltrúum allra sveitarfélaganna og hefur fulltrúa til samráðs frá ríkisstofnununum fjórum.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið er í eigendahópi Velferðarnetsins, enda hefur ráðuneytið komið að fjármögnun verkefnisins, auk fjármagns úr aðgerð stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022 til 2036 í gegnum innviðaráðuneytið.

## Upphaf Velferðarnets Suðurnesja

Upphaf Velferðarnets Suðurnesja má rekja til aðgerða sem settar voru fram í [stöðumati og aðgerðaáætlun um eflingu þjónustu ríkisins á Suðurnesjum](#) frá maí 2020. Þar voru tvær aðgerðir sem voru unnar sem eitt verkefni; (2) Sterk framlína í krafti fjölbreytileikans og (3) Þverfaglegt landshlutateymi (Velferðarstofa). Þriðja aðgerð aðgerðaáætlunarinnar sem hefur nýst til verkefnisins var 8. aðgerðin sem sneri að samfélagsgreiningu.

Á verkefnatímanum var Velferðarnetið styrkt enn frekar með aðkomu aðgerðar A.4. úr stefnumótandi [byggðaáætlun](#) fyrir árin 2022 til 2036 sem féll að meginútgangspunkti verkefnisins.

Markmið aðgerðanna var að efla þjónustu við íbúa og samræma þjónustuna eins vel og mögulegt væri með velferð og lífsgæði íbúa í fyrirrúmi. Upplýsingagjöf ætti ávallt að taka mið af því að íbúar skilji litla íslensku og viti lítið um þjónustukerfin.

Strax var farið að vinna að aðgerðinni sem sneri að samfélagsgreiningum, enda mælingar og rannsóknir grunnur þess að mögulegt væri að vinna svo viðamikil verkefni. Gerður var samningur við Hagstofu Íslands til þess að geta betur gert grein fyrir samfélagsgerð og samfélagsþróun Suðurnesja. Mælaborð þess efnis hefur verið þróað og er það aðgengilegt öllum sem koma að



Velferðarnetinu. Félagsvísindastofnun vann rannsókn um lífsgæði, líðan og virkni íbúa þar sem fyrirliggjandi þekking var kortlögð, spurningakönnun framkvæmd sem og rýnihóparannsókn. Skýrsluna má nálgast [hér](#).

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar, sem unnin var sumarið 2021, voru að íbúar voru fremur ánægðir með búsetu sína á Suðurnesjum, góður andi væri í sveitarfélögunum, fallett umhverfi og góðir skólar fyrir börn og unglinga. Félagsleg virkni íbúa á Suðurnesjum reyndist minni en íbúa á Íslandi almennt en greinilegt var að þeir íbúar sem voru félagslega virkir bjuggu við betri líðan og þá sérstaklega þeir sem stunduðu menningarsókn af einhverju tagi. Jafnframt kom berlega í ljós að virkni á einum stað leiði til frekari félagslegrar virkni á öðrum vettvangi, eins og til dæmis atvinnuþátttöku.

Viðhorf til innflytjenda voru jafnframt mæld í rannsókninni. Íbúar höfðu almennt jákvæð viðhorf til innflytjenda. Þó kom í ljós að fleira Suðurnesjafólk taldi of marga innflytjendur hafa komið til landsins á undanförunum árum og töldu innflytjendur ógna íslensku samfélagi. Þau sem þekktu innflytjendur persónulega voru jákvæðari í garð innflytjenda en aðrir. Áhugavert væri að endurtaka hluta af rannsókninni, þá sérstaklega þann hluta er snýr að viðhorfum til þjónustu og samfélags fjölbreytileikans.

Félagsvísindastofnun vann jafnframt samráð við notendur velferðarþjónustu á Suðurnesjum. Sú rannsókn gaf innsýn í viðhorf íbúa á Suðurnesjum til fjölbreyttrar þjónustu í velferðar- og menntamálum. Helstu niðurstöður þar voru að notendur voru almennt mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeir höfðu fengið og þá helst með starfsfólkið sem hafði komið að aðstoðinni. Þó kom fram að notendur töldu tengslanet skipta máli þegar kom að aðgengi og gæðum þjónustu. Þátttakendur töldu þau sem þekktu vel til kerfisins eða sérfræðinga á vettvangi fá betri þjónustu en aðrir sem þekkja ekki eins vel til. Nánar er fjallað um rannsóknina síðar í þessari stöðuskýrslu.

Velferðarnetið gerði að auki greiningu á biðlistum í þjónustu í samvinnu við Samskiptastöðina. Helstu niðurstöður þar voru að meirihluti þátttakenda myndi vilja fá fræðslu á meðan á biðtíma stæði. Einnig kom í ljós að á biðlistunum var fólk sem var á röngum biðlista eða enn á biðlistanum þrátt fyrir að ekki væri lengur þörf fyrir þjónustuna af einhverjum ástæðum.

Ráðinn var verkefnastjóri sem hefur starfað innan verkefnisins frá apríl 2021. Verkefnastjórinn hefur haldið utan um verkefnið í heild og séð til þess að ferill þróunar verkefnisins sé skráður.

Eitt af fyrstu verkefnum verkefnastjórans var að skipuleggja málþing með öllum samstarfsaðilum sem fram koma í aðgerðum aðgerðaáætlunarinnar. Málþingið var haldið í september 2021 með um 40 þátttakendum. Þar voru aðgerðirnar kynntar og teknar umræður um sýn þátttakenda á þverfaglegri nálgun velferðarþjónustu. Niðurstöðum umræðuhópanna var skipt í sex þemu, þ.e. þjónustuviðmót, upplýsingagjöf, stafræna þjónustu, innra skipulag, samskiptun og samfélagslega virkni.

Niðurstöðurnar voru fjölbreyttar og mikilvægar að því leyti að hóparnir voru samstíga um sameiginleg markmið. Meðal annars var rætt um að veita þurfi heildstæða þjónustu og endurskoða verkferla í sífellu með það fyrir augum að fækka skrefum í þjónustunni, hugsa út fyrir þann þjónusturamma sem hefur hingað til verið notaður, auka samráð við notendur og byggja þjónustuna upp út frá þörfum notenda en ekki kerfisins. Höfða skuli til allra skynfæra við framsetningu upplýsinga, þ.e. með texta, skýringarmyndböndum, myndmáli og upplestri með sérstakri áherslu á íbúa sem ekki tala eða skilja íslensku, ásamt skilvirkri upplýsingagjöf til



framlínustarfsfólks. Varðandi **stafræna þjónustu** skuli ávallt huga að því að stafræn þjónusta eigi að auðvelda aðgengi íbúa að þjónustu. Varðandi innra skipulag; efla og þjálfa framlínustarfsfólk í framúrskarandi þjónustu, styðja og styrkja starfsfólk til þess að starfa í samfélagi fjölbreytileikans og undirbúa vel áherslubreytingar í þjónustu og stuðla að jákvæðu hugarfari starfsfólks. Út frá **samsköpun**; vinna í sameiningu að aukinni skilvirkni í þjónustu og upplýsingagjöf og miðla þekkingu hvers til annars, samnýta ferla þvert á sveitarfélög, svið og stofnanir sveitarfélaga, móta sameiginlega stefnu og verkferla varðandi móttöku og utanumhald íbúa af erlendum uppruna og vera meðvituð um hindranir í kerfinu, skrá niður og eiga samráð við viðeigandi aðila um möguleg umbótaverkefni. Varðandi **samfélagslega virkni**; veita fjölbreytta fræðslu til íbúa, stuðla að sjálfbærni í þjónustu, jafningjafræðslu og upplýsingagjöf, bjóða nýja íbúa sérstaklega velkomna og kynna framboð á affreyningu og þjónustu með skilvirkum hætti og þjálfa íbúa til þess að nýta tækni í auknum mæli við upplýsingaleit og þjónustu.

Eftir málþingið var settur saman starfshópur með sveitarfélögunum og tengiliðir við ríkisstofnanirnar tilnefndir. Sá hópur, ásamt örlítið fleiri úr baklandi Velferðarnetsins, hittist á vinnustofu í lok nóvember 2021. Þar var farið í ferlagreiningar á þjónustu með því að leiða erkitýpur íbúa í gegnum þjónustuna.

Út frá ofangreindum gögnum var unnin [nýsköpunaráætlun um þróun velferðarþjónustu á Suðurnesjum 2022](#). Sjö fjármagnaðar aðgerðir voru settar fram í áætluninni. Til þess að vinna að framkvæmd og framgangi aðgerðanna voru settir fram **fjórir verkefnahópar** sem hver um sig vann að tillögum að framkvæmdum og verkefnum sem lutu að einni til tveimur aðgerðum áætlunarinnar. Verkefnahóparnir fjórir nefndust **1) fræðsluteymi, 2) færniuppbyggingarteymi, 3) upplýsingateymi og 4) þjónustuferlateymi**.

Hóparnir skiluðu af sér tillögum í júní 2022, eftir það fóru framkvæmdir á fullt skrið. Einhver verkefni voru þó þegar farin af stað.

Með þessari undirbúnings- og samráðsvinnu var tryggt að bakland Velferðarnetsins væri samstíga um vegferð verkefnisins. Lagðar voru línur sem unnið hefur verið eftir og mögulegt er að tengja allar aðgerðir Velferðarnetsins við þessa upphafsvinnu.

Þess ber að geta að engan skugga hefur borið á það samstarf sem hefur verið á milli sveitarfélaganna og ríkisstofnana, hópurinn hefur verið samstíga og átt opið samtal og samráð um þau verkefni sem greint verður frá hér í þessari stöðuskýrslu.

Samráðsfundur um framtíð Velferðarnets Suðurnesja var haldinn 5. október 2023. Á þann fund var eftirfarandi aðilum boðið: Starfshópi Velferðarnets og þátttakendum í verkefninu, tengiliðum við ríkisstofnanir, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, tengiliðum við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, yfirstjórnnum sveitarfélaganna og ríkisstofnananna, kjörnum fulltrúum í bæjarstjórn, velferðarráði og fræðsluráðum sveitarfélaganna og stjórnendum í velferðar- og skólaþjónustu sveitarfélaganna. Á þeim fundi var farið yfir farinn veg og það sem áunnist hefur með kröftum Velferðarnetsins. Jafnframt voru mótuð sameiginleg drög að framtíðarsýn Velferðarnets Suðurnesja. Af 47 einstaklingum sem mættu þóttu 46 þeirra að framtíð væri í Velferðarnetinu. Dæmi um þann ávinninginn sem starfsfólkið taldi Velferðarnetið veita var Velferðarnetið yki farsæld íbúa á Suðurnesjum. Það auðveldi þjónustuþegum að sækja upplýsingarnar sem þau þurfa og stytti boðleiðir. Samvinna og tengslanet starfsfólks þvert á



stofnanir sé mikilvægt svo starfsfólk geti staðið betur vörð um réttindi þjónustuþega, aukið skilvirkni, tryggt framþróun og minnkað álag á starfsfólki.

Þegar spurt var hvernig starfsfólkið sæi Velferðarnetið eftir tvö ár var áhersla lögð á

- Þéttara tengslanet og aukin samvinnu milli stofnana.
- Meiri skilvirkni í þjónustu við íbúa.
- Aukin þróun Velferðarnetsins í takt við samfélagsbreytingar.
- Að verkefnastjóri verði við störf sem drifkraftur verkefnisins.

Þegar spurt var um hvað þurfti svo að framtíðarsýnin rætist var lögð áhersla á:

- **Tryggt fjármagn** til verkefnisins.
- **Virkan verkefnastjóra.**
- **Að verkefnið verði í stöðugri þróun með virkum verkefnahópi.**



# Verkefni ársins 2024

## Framlínuheimsóknir

### Markmið:

Markmiðið er að mynda tengslanet á milli framlínustarfsfólks ráðhúsa sveitarfélaganna á Suðurnesjum og stofnana (VMST, HSS, Sýslumaður og Lögreglan), kynnast hvert öðru, kynnast verkefnum og hlutverkum hvers annars, skiptast á fróðleik og þekkingu. Ekki síst að sjá fólkið „á bakvið kerfið”.

### Framkvæmd/Staða verkefnisins:

Nú hefur hringur tvö af framlínuheimsóknum lokið. Haldin var ein heimsókn í mánuði, á miðvikudagsmorgnum frá kl. 8–9 þar sem framlínustarfsfólk sveitarfélaganna og ríkisstofnananna hittust. Í framlínuheimsóknunum fóru fram kynningar á sveitarfélaginu eða stofnuninni sem verið var að heimsækja og síðan voru umræður um fyrirfram ákveðin málefni, eins og áskoranir í starfi.

Lagt var upp úr því að hver starfsstöð ákveði fyrir sig, hverjir sínir framlínustarfmenn eru og getur það verið mismunandi eftir starfsstöð. Á boðslista framlínuheimsóknanna eru um 50 manns, en það er misjafnt hve margir sjá sér fært að mæta, m.a. vegna opnunartíma stofnana og öðru líku.

### Niðurstöður/Árangur:

Heimsóknirnar fóru vel af stað, en misjafnt var hve margir komust í hverja heimsókn. Lögreglan átti að taka á móti hópnum í mars og Grindavík átti að taka á móti hópnum í apríl, en ekkert varð að þeim heimsóknum.

Lögreglan sem áður hefur haft tvær starfsstöðvar, annars vegar skrifstofu og rannsóknarrými að Brekkustíg og hins vegar lögreglustöð á Hringbraut hefur þurft að færa nær alla sína starfsemi að Brekkustíg vegna myglu í húsnæði þeirra á Hringbraut. Lögreglan hefur því verið með mjög takmarkað pláss fyrir sína starfsemi og treysti sér ekki til að taka á móti framlínuhópnum til sín.

Vegna jarðhræringa á Suðurnesjum hefur þurft að rýma Grindavík. Starfsemi Grindavíkur hefur nú aðsetur annarsvegar í Tollhúsinu við Tryggvagötu í Reykjavík og hins vegar í Rauða Kross húsinu í Reykjanesbæ þar sem opnunartíminn er frá 14-17 á mánudögum, þriðjudögum og föstudögum. Það hafa verið erfiðar aðstæður fyrir bæði íbúa og starfsfólk Grindavíkur og töldu þau sig ekki hafa tök á því að taka á móti hópnum. Var því síðasta framlínuheimsókn þessa hringis í febrúar.

### Framtíð

Framlínuheimsóknarhringur vetrarins 2024 til 2025 verður sjálfbær afurð Velferðarnetsins. Nú verða framlínuheimsóknirnar lagðar í hendur framlínustarfsmannana sjálfra. Einn einstaklingur úr hverri framlínu er tilnefndur í vinnuhóp. Áslaug Lúthersdóttir deildarstjóri þjónustu og þróunar hjá Reykjanesbæ hefur samþykkt að fara fyrir verkefnahópnum. Í þessum verkefnahóp munu framlínustarfsfólkið sjálft dagsskrá hvernar heimsóknar. Farið verður dýpra ofan í praktíska hluti sem framlínan starfar með. Er þetta talið gera framlínuheimsóknirnar enn áhugaverðari fyrir starfsfólkið og að tengslanet þeirra verði enn nánara og þekking þeirra muni aukast.



## Velkomin til Suðurnesja

### Markmið og tilgangur

Velkomin til Suðurnesja er samræmd móttökuáætlun fyrir nýja íbúa sveitarfélaganna á Suðurnesjum, og er hýst á vefsíðunni [www.http://sudurnes.is](http://sudurnes.is). Unnið er saman að því að veita aðgengilegar, skilvirkar og skýrar upplýsingar um helstu þjónustu og afþreyingu á svæðinu. Sérstaklega er horft til þeirra sem ekki skilja íslensku og koma nýir inn í íslenskt samfélag. Meginmarkmiðið er að nýir íbúar séu vel upplýstir og verði sem allra fyrst virkir þátttakendur í samfélaginu á Suðurnesjum. Markmið verkefnisins hefur verið greint í eftirfarandi undirþætti:

- Auka lífsgæði íbúa og stuðla að vellíðan í inngildandi samfélagi.
- Hjálpa íbúum að afla sér upplýsinga sjálfir og sækja sér þjónustu.
- Huga sérstaklega að þeim sem er það meiri áskorun en öðrum að afla sér upplýsinga og sækja sér þjónustu.

### Framkvæmd/Staða verkefnis

Eftir að farið var vinna út frá nýsköpunaráætlun Velferðarnetsins fékk svokallað upplýsingateymi það verkefni að vinna að skilvirkri upplýsingagjöf um opinbera þjónustu við íbúa Suðurnesja og samræma móttökupjónustu fyrir nýja íbúa á Suðurnesjum. Sá hópur lagði til að farið yrði í markaðsherferð og viðburðaröð sem bæri heitið *Velkomin til Suðurnesja* ásamt því að samræma upplýsingagjöf á vefsvæðum sveitarfélaga á Suðurnesjum. Í dag er ekki tekið á móti nýjum íbúum á Suðurnesjum með markvissum hætti en vitað er að mikil hreyfing er á íbúafjölda sveitarfélaganna og skv. samfélagsgreiningu flytjast um fimm þúsund nýir íbúar á svæðið ár hvert og hefur meirihluti þeirra erlent ríkisfang.

Gerður var samningur við auglýsinga- og markaðsstofuna Tvist sem vann hönnunarefni fyrir verkefnið og var vefsíðan [www.http://sudurnes.is](http://sudurnes.is) formlega opnuð á samráðsfundi Velferðarnetsins 5. október 2023.

Vefsíðunni er ætlað að vera lendingarsíða af opinberum síðum svæðisins þar sem unnið er með níu þemu: Fyrstu skrefin, húsnæði, atvinna, börn og fjölskyldur, samgöngur, afþreying og menning, velferð og heilsa, menntun fullorðinna og endurvinnsla og úrgangur. Undir hverju þema eru nokkrir undirflokkar og þar er spurt spurninga sem er yfirleitt svarað með vísan í aðrar síður sem hafa grunnupplýsingarnar, eins og Ísland.is eða vefsíður sveitarfélaganna.

Til þess að ná til íbúa hafa verið hönnuð auglýsingaspöld í nafnspjaldastærð (sjá myndir fyrir neðan) sem opinberir aðilar, bankar, skólar og fyrirtæki geta afhent fólki sem leitar til þeirra og er nýflutt á svæðið. Jafnframt verða hengd upp veggspjöld á helstu almenningsstaði og hjá opinberum stofnunum, farið í samfélagsmiðlaherferð og auglýsingaskjái í samfélaginu nýttir.

Vefsíðan Sudurnes.is var formlega opnuð þann 5. október 2023. Efni vefsíðunnar hefur nú verið lesin yfir af sérfræðingum og lagfærð og leiðrétt svo upplýsingarnar eru réttar. Lagt hefur verið upp úr því að vefsíðan verði viðhaldslítill og sjálfbær. Því marki er náð með því að svör við algengum spurningum séu háð upplýsingum sem veittar eru á vefsíðum annarra stofnana og eru svörin iðulega með tengil á undirsíðu stofnana sem eru sérfræðingar í því málefni eða veita þá þjónustu.

Vefsíðan hefur verið þýdd yfir á ensku og á ensku síðunni er Google-þýðingarhnappur sem að getur þýtt vefsíðuna á öll heimsins tungumál með aðstoð gervigreindarinnar. Veitir það nýjum




Íbúum af erlendum uppruna tækifæri til að afla sér upplýsinga um hin ýmsu málefni sem brennur á fólki þegar það flytur bæði til Suðurnesja.

Nú hafa allir leik- og grunnskólar á Suðurnesjum fengið kynningu á vefsíðunni Velkomin til Suðurnesja og fengið í hendurnar nafnspjöld með QR-kóða sem þau bera ábyrgð á að veita foreldrum nýrra nemenda, bæði íslenskum og erlendum. Spjöldin eru nú á sex tungumálum, þau eru á íslensku, ensku, pólsku, spænsku, úkraínsku og arabísku. Íslensku spjöldin eru með QR-kóða sem færir fólk yfir á íslensku síðuna en hin spjöldin eru með QR kóða sem er fært yfir á ensku síðuna, sem síðan er svo hægt að þýða yfir á önnur tungumál með google-hnappi.

## Niðurstöður

Frá nóvember 2023 til ágúst 2024 hafa 2.960 heimsóknir á síðuna verið skráðar (Site Visits) en það hafa verið 5.389 heimsóknir á sérstakar síður (Page views). Mánaðarlegar heimsóknir hafa verið frá 181 í lægsta mánuðinum og 507 í þeim hæsta.



## Framtíð

Næstu skref verkefnisins eru að búa til upplýsingabækling fyrir foreldra með erlendan bakgrunn í samvinnu við menntasvið. Þar verða kynnt frístundar- og virkniúrræði fyrir börn og fullorðna og annað sem aðstoðar fólk við inngildingu inn í íslensk samfélag. Einnig að tengjast betur stórum fyrirtækjum á svæðinu sem að hafa stóra stafsmanahópa af erlendum uppruna.

## Virkniþing Velferðarnets Suðurnesja

### Markmið og tilgangur:

- Auka virkni íbúa - hvetja íbúa til að fara í virkni, taka virkan þátt í samfélaginu
- Auka gegnsæi og skapa tengsl
- Að íbúar, sérstaklega starfsfólk sem vinnur með íbúum, séu meðvitaðir um framboð á virkniúrræðum

Meginmarkhópur Virkniþingsins er starfsfólk í velferðarþjónustu sem starfar með fólki sem ekki er í reglulegri virkni. Með því er unnið að sjálfbærni kynninganna þar sem starfsfólk verður meðvitað um úrræði og tækifæri samfélagsins fyrir fólk sem er það áskorun að taka þátt og afla





sér upplýsinga, hvort sem það er vegna fötlunar, skorts á tungumálakunnáttu eða félagslegrar einangrunar af öðrum ástæðum.

Virkniþingið var þó opið öllum og voru fjölmörg sem lögðu leið sína á viðburðinn og myndaðist virkilega góð stemning.

### **Framkvæmd/ staða verkefnis**

Virkniþing Velferðarnets Suðurnesja var haldið í Blue höllinni þann 26. september 2024. Virkniþingið var opin viðburður fyrir íbúa Suðurnesja, þar sem gestum og gangandi var boðið að koma og sjá úrval af virkni á Suðurnesjum. 66 félagasamtökum var boðið að taka þátt, 28 félagasamtök samþykktu að taka þátt og voru með ýmiskonar kynningarefni.

### **Kynningaraðilar:**

- Bókasafn Reykjanesbæjar
- Fjölsmiðjan á Suðurnesjum
- Byggðarsafnið á Garðskaga
- Bókasafn Suðurnesjabæjar
- Fab Lab Suðurnes
- Félagsstarf aldraðra í Suðurnesjabæ
- Keilir
- Rauði Krossinn á Íslandi
- Leikfélag Keflavíkur
- ADHD samtökin
- Hæfingarstöð Reykjanesbæjar
- Vinnumálastofnun
- DUUS safnahús
- Hjálpræðisherinn
- Samvinna Starfsendurhæfing
- Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
- Félagsstarf eldri borgara
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
- 3N Þríþrautadeild.
- Slysavarnadeildin Dagbjörg
- Sporthúsið
- Virkjun mannauðs
- Félagsstarf aldraðra Reykjanesbæ
- Félagsstarf eldri borgara í Sveitarfélaginu Vogum
- Kirkjurnar á Suðurnesjum
- Vinnumálastofnun
- VIRK - starfsendurhæfingarsjóður
- Frísk í Reykjanesbæ

### **Félagasamtök sem var boðið en tóku ekki þátt:**

- Borðtennisfélag Reykjanesbæjar
- Bókasafnið í Vogum (lestrarfélagið Baldur)



- Félagsstarf aldraðra Suðurnesjabæ
- Félagmiðsmiðstöð Reykjanesbæjar (88)
- Hjálparstarf ADRA – Kirkja sjöunda dags aðventista
- Janus Heilsuefling
- Kiwanisklúbbarnir á Suðurnesjum
- Norræna félagið í Suðurnesjabæ
- Þrjónakvöld í 88 húsinu
- Þroskahjálp á Suðurnesjum/Dósasel
- Vox Felix
- Kór Njarðvírkirkju
- Orkustöðin
- Spunaspilaklúbburinn
- Golfklúbbur Suðurnesja,
- Bardagahöllin
- Pílfélagið
- Hafnir
- Reykjanes bolti
- Nes
- Björgunarsveitirnar (öll sveitarfélög)
- Kvenfélögin á svæðinu
- Vatnsleikfimi
- Blak
- Badminton
- Massi
- Lionsklúbbarnir á Suðurnesjum
- Om setrið
- Golfklúbbur Vatnsleysustrandar
- Golfklúbbur Sandgerðis
- Hestafélagið máni
- Siglingafélagið Knörr
- Bjartur lífsstíll
- Skotdeild Keflavíkur
- Skógræktarfélag Suðurnesja
- Saga akademia
- Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag
- Ungmennafélagið Njarðvík

Það voru fimm einstaklingar auk verkefnastjóra sem voru í vinnuhóp fyrir Virknipingið. Voru það einstaklingar frá Reykjanesbæ, Vogum, Vinnumálastofnun og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Þar sem Virknipingið gekk vonum framár árið 2022 þá var ákveðið að færa Virknipingið yfir í Blue Höllina. Á svipuðum tíma var áætlað að halda hina árlegu starfsgreinakynningu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Hagræðiáhrif voru af því að slá þessum viðburðum saman, þar sem fyrir hádegi væru haldnar starfsgreinakynningar og eftir hádegið væri Virknipingið. Kostnaður á borðum, dúkum, uppsetningu og flutningi skiptast til helminga á milli þeirra sem stóðu að þessum



tveimur viðburðum. Kostnaðarskiptingin var þannig að SSS greiddi fyrir 50% borðafjölda, alla dúka og fyrir flutningabíl sem ferjaði borðin til og frá Suðurnesjabæ. Á móti greiddi Velferðarnet Suðurnesja fyrir 50% af borðunum og fyrir fjáröflun til Körfuknattleiksdeildar Keflavíkur sem sá um að leggja mottur á gólf íþróttahússins. Ekki þurfti að greiða fyrir að nota aðstöðu íþróttahússins.

### Dagsskrá Virkniþingsins

Lárus Blöndal, betur þekktur sem Lalla töframaður, var ráðinn til að vera virknistjóri á þinginu. Hann sá um að dagsskráin færi vel fram og hélt uppi stuði á milli atriða. Dagsskrá á sviði var eftirfarandi:

- 13:30 – Tónlistaratriði frá tónlistarskólanum
- 13:40 – Halla Tómasdóttir forseti opnar þingið.
- 13:55 – Ávarp frá Guðmundi Inga Guðbrandssyni félags- og vinnumarkaðsráðherra.
- 14:15 – Hvatning frá Hilmu Hólmfríði teymisstjóra á Velferðarsviði Reykjanesbæjar – Suðurnesja tenging
- 15:00 – Atriði frá Davíð Má Guðmundssyni, notanda Hæfingarstöðvarinnar
- 16:00 – Atriði frá Regnbogaröddum

Viðburðurinn var auglýstur til 17:00, en þar sem lítið var um gesti eftir klukkan 16:00 var ákveðið að loka þinginu fyrr, eða klukkan 16:30.

### Fjölmiðlar og samfélagsmiðlar

Víkurfréttir komu á þingið og tóku viðtöl við verkefnastjóra, forseta og kynningaraðila. Einnig komu frétt um þingið á vefsíðu Reykjanesbæjar og á vefsíðu forseta.

Fenginn var ljósmyndari til að taka myndir á virknidegi af þátttakendum, gestum, skemmtunum og öðru.

### Auglýsingar

Búinn var til Facebook-viðburður og keyptar auglýsingar frá META til að sem flestir myndu sjá viðburðinn. Honum var einnig deilt reglulega á íbúasíður á Suðurnesjum og fólk hvatt að koma. Fundarboð var sent á alla starfsmenn sem störfuðu á bæjarskrifstofum sveitarfélaganna fjögurra og á samstarfs stofnunum Velferðarnetsins.

Gerð voru veggspjöld, bæði á íslensku og ensku, sem voru hengd upp á víð og dreif um Suðurnesin. Veggspjöldin voru einnig sett upp á workplace síðum sveitarfélaganna og ríkisstofnananna.

**Kostnaður:** 800.000kr

### Niðurstaða/árangur

Send var út könnun til kynningaraðila sem tóku þátt í Virkniþinginu. Meðal einkunn virkniþingsins var 7,5. Spurningarnar sem spurt að voru þessar:

- Gefðu Virkniþinginu sem heild einkunn
- Hvernig líkaði ykkur að skrá ykkur til þátttöku í gegnum skráningareyðublað?



- Hvernig líkaði ykkur fyrirkomulag upplýsingagjafar á undirbúningstímanum?
- Hvernig líkaði ykkur uppsetning á kynningarborðum í Blue höllinni?
- Hvernig líkaði ykkur að hafa dagskrá á sviði?
- Finnst ykkur Virkniþing vera viðburður sem ætti að endurtaka?
- Mynduð þið vilja taka aftur þátt á Virkniþingi ef það yrði endurtekið?
- Finnst ykkur að halda ætti Virkniþing aftur á næsta ári, eða eftir tvö eða þrjú ár?

Líkaði öllum vel við að skráning væri í gegnum skráningareyðublað og allir töldu að virkniþingið ætti að vera endurtekinn viðburður sem þau myndu vilja taka þátt í aftur. 55% sögðu að viðburðinn ætti að endurtaka eftir 2 ár, árið 2026. Þegar spurt er um fyrirkomulag upplýsingagjafar á undirbúningstíma voru 66% þeirra ánægð með fyrirkomulagið en 33% sem líkuðu hvorki vel né illa við fyrirkomulagið. Einnig voru 66% svarenda sem að líkuðu vel við að hafa dagskrá á sviði miðað við 33% sem hvorki líkuðu vel né illa við að hafa dagskrá á sviði. Tæplega 90% þátttakenda líkuðu vel við uppsetningu á borðum í Blue höllinni en rúm 10% sögðust hvorki líka vel né illa við hana.

Í opinni spurningu komu fram ábendingar um að Blue höllin væri óhentugur staður fyrir virkniþingið. Salurinn væri of stór fyrir viðburðinn en bílastæðin við höllina væri of fá. Einnig kom ábending að næst yrði að auglýsa viðburðinn betur fyrir fólki sem væri utan vinnumarkaðar og annarra almennra borgara, en ekki einblína á fagfólk sem starfar með fólki. Þá var einnig komið með ábendingu á að breyta opnunartíma virkniþingsins. Að stytta opnunartímann og hafa hann þannig að bæði þau sem vinna með fólki geta komið á vinnutíma, en einnig að fólk komist eftir vinnu. Til dæmis mætti hafa það frá 15:00 til 17:00.

## Rafræn þjónustunámskeið

### Markmið og tilgangur:

Efla faglegt, notendamiðað og menningarnæmt viðmót starfsfólks í opinberri þjónustu sem tekur mið af ólíkum þörfum íbúa í samfélagi fjölbreytileikans.

Að styðja við framlínustarfsfólk stofnana í Velferðarneti Suðurnesja til að veita betri þjónustu og takast á við erfið verkefni í mannlegum samskiptum hvort sem það er í persónu, í gegnum síma eða með rafrænum hætti.

### Framkvæmd/staða verkefnis:

Í desember 2022 var gerður samningur við fræðslufyrirtækið Avia. Samið var um gerð fræðslumyndbanda, þar með talið efnisöflun, uppsetningu, og hýsingu kennsluefnis fyrir allt að 120 nemendur. Upphafleg verkáætlun gerir ráð fyrir fimm fræðslumyndböndum, talsettum og með grafík. Þeir 120 nemendur sem um ræðir eru framlínustarfsfólk í öllum sveitarfélögum, bæði í ráðhúsum og ríkisstofnunum. Avia mun hýsa myndböndin út árið 2024 og verða námskeiðin því aðgengileg út það ár.

Efni námskeiðanna samanstendur af samskiptasáttmála sem er inngangur að hverju myndbandi, og eru námskeiðin/myndböndin fimm talsins: 1) samskipti í framlínu, 2) samskipti í gegnum síma, 3) samskipti í gegnum tölvupóst, 4) fjölmenningu og 5) krefjandi aðstæður í þjónustu. Staða verkefnisins í september 2024 er sú að fjögur myndbönd af fimm eru tilbúin og er áætlað að



fimmta myndbandið verði tilbúið í lok október 2024. Áætlað er að frá nóvember 2024 verði námskeiðin opin fyrir öllum framlínustarfsmönnum stofnana Velferðarnetsins.

**Niðurstaða:**

Ekki er komin niðurstaða í verkefnið.



## Framtíðarverkefni Velferðarnets Suðurnesja

### Velkomin til Suðurnesja

- **Bæklingur fyrir foreldra af erlendum upprunna**
  - Markmiðið með þessu er að veita persónulega þjónustu við íbúa og aðstoða börn og foreldra þeirra í inngildingu inn í fjölmenningsamfélagið í Reykjanesbæ. Börn af erlendum upprunna nýta hvatagreiðslur illa, eru síður í frístund og nota frístundabílinn síður en börn af íslenskum upprunna. Í þessari viðbót við móttökuáætlun Velkomin til Suðurnesja verður áherslan lögð að því að allar fjölskyldur sem koma til svæðisins af erlendum upprunna fái kynningu á skólakerfinu, á frístundum, virkni og öðru sem við kemur uppveiti og farsæld barna.
- Samstarf við Þjóðskrá, póstur sendur til nýrra íbúa með upplýsingar um vefsíðuna sudurnes.is

Áætlaður kostnaður: kr. 550.000

### Framlínuheimsóknir

- Framlínuheimsóknar hringur vetrarins 2024 til 2025 verður sjálfbær afurð Velferðarnetsins. Nú verða framlínuheimsóknirnar lagðar í hendur framlínustarfsmannanna sjálfra. Einn einstaklingur úr hverri framlínu eru tilnefnd í vinnuhóp. Búið er að óska eftir tilnefningum í verkefnahópinn frá öllum samstarfsaðilum Velferðarnetsins og mun Áslaug Þ. Guðjónsdóttir Luthers deildarstjóri þjónustu og þróunar hjá Reykjanesbæ fara fyrir hópnum.
- Velferðarnetið mun sjá um að risna lokahóf framlínuheimsóknanna í lok vetrarins.

Áætlaður kostnaður kr. 270.000

### Virknikort

- Útbúið verður rafrænt kort sem að sýni alla helstu virkni á svæðinu.
  - Á þessu korti verður sýnt hvar alla virkni er að finna. Ef ýtt er á hverja staðsetningu þá koma upplýsingar um starfsemi sem á sér stað á hverjum. Þetta á við um staðsetningu á:
    - Íþróttamannvirkjum.
    - Menningarstarfsemi
    - Frjálsum félagasamtökum.
    - Sérstökum úrræðum á vegum ríkis- og sveitarfélaga.
    - Helstu kennileiti á svæðinu.
    - Gönguleiðir.
  - Mun Virknikortið nýtast fagfólki til að aðstoða sína skjólstæðinga til að finna virkni sem að hæfir hverjum og einum. Yrði virknikortið nýtt í móttökuáætluninni til þess að hvetja foreldra barna af erlendum upprunna annars vegar að finna virkni sem



gæti hentað þeim persónulega, en einnig til þess að hvetja til þátttöku barna í skipulögðum tómstundum.

- Yrði þetta unnið í samstarfi við frístundir.is

Áætlaður kostnaður: kr. 830.000

### Samfélagsgreiningar

- Velferðarnet Suðurnesja hefur farið fyrir verkefni samfélagsgreininga. Er það gríðarlega mikilvæg gögn sem varpa ljósi á samsetningu samfélagsins Suðurnesja. Verkefnið er unnið í samstarfi við Hagstofu Íslands. Í samfélagsgreiningunni má sjá samfélagsþróun Suðurnesja tíu ár aftur í tímann. Greiningin snýr að víðtækri íbúagreiningu út frá uppruna, fjölskyldugerð, tekjutegundum, menntastöðu og búsetutíma á svæðinu.

### Rafræn námskeið fyrir fólk af erlendum uppruna

- Námskeið um hvernig eigi að nálgast ýmsa þjónustu, upplýsingar og umsóknir í samstarfi við MSS.